



20. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn 16. apríl 2021 í fjarfundi.

Mætt eru: Haukur Valtýsson (HV), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Gunnar Gunnarsson (GG), Gunnar Þór Gestsson (GP), Gissur Jónsson (GJ), Hallbera Eiríksdóttir (HE) og Auður Inga Þorsteinsdóttir (Alþ) framkvæmdastjóri UMFÍ.

Forföll boðuðu: Ragnheiður Högnadóttir (RH), Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir (EÁK), Lárus B. Lárusson (LBL), Ástþór Jón Ragnheiðarson (ÁJR) fulltrúi Ungmennaráðs UMFÍ

1. Fundur settur kl. 16:00
2. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra.
Alþ gerði grein fyrir starfseminni frá síðasta stjórnarfundum.
3. Fundargerðir og erindi frá nefndum lagðar fram til kynningar.
 - 31. og 32. fundargerðir Framkvæmdastjórnar.
 - 13. fundargerð Ungmennaráðs.
4. Tilnefning fulltrúa UMFÍ í stjórn Íslenskrar getspár.
 - Samþykkt að tilnefna JSI sem aðalfulltrúa og RH sem varafulltrúa. Framkvæmdastjóra falið að finna fulltrúa á aðalfund ÍG.
5. Lengdur gildistími úthlutunar úr Fræðslu- og verkefnasjóði, nóv 2019 í samræmi við 18. fundargerð stjórnar.
 - Stjórn hefur þegar samþykkt málið í tölvupósti, sem staðfestist hér með.
6. Fjármál. Rekstraruppgjör jan. – mar. 2021.
 - Farið yfir reksturinn fyrstu þrjú mánuði ársins.
 - Aukagreiðsla hefur borist frá Íslenskri getspá upp á 200 milljónir. Hlutdeild UMFÍ er rúmar 26 milljónir. Samþykkt að deila fjármagninu út skv. lottóreglugerð. Framkvæmdastjóra falið að leggja fram tillögur um hvernig hlutdeild UMFÍ skv. reglugerðinni verði nýtt. Stjórn UMFÍ þakkar Íslenskri getspá fyrir aukagreiðsluna.
7. Skólastjórabústaður á Laugarvatni, söluferli.
 - Framkvæmdastjóra falið að skoða málið betur í samráði við framkvæmdastjórn.
8. Ársþing / aðalfundir á næstunni.
 - Farið yfir dagskrána fram undan.

9. Skráningarkerfi - Felix

- GG og GPG fóru yfir minnisblöð í kjölfar fundar stýrihóps ÍSÍ og UMFÍ um félagakerfi sem fór fram fyrr í dag. Meirihluti stýrihópsins leggur til að farið verði í samningaviðræður við Sportabler um að bæta skilakerfinu við þeirra kerfi.
- Stjórn tekur undir afstöðu stýrihóps og samþykkir að fara í formlegar samningaviðræður við Sportabler. Stjórn telur þó að æskilegt hefði verið að stýrihópurinn skoðaði fleiri valkosti. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.
- Bókun frá GJ: Ég andmæli því að samþykkt sé að ganga til samninga við Sportabler án þess að fleiri aðilum hafi gefist kostur á að koma að verkefninu.

10. Önnur mál.

- Samningur við Hrönn Pétursdóttur vegna stefnumótunar. Stjórn samþykkir samninginn.
- GS sagði frá vinnufundi í tengslum við störf nefndar um skiptingu lottótekna hjá ÍSÍ og UMFÍ.
- Stjórn fagnar nýrri reglugerð heilbrigðisráðherra um rýmkun samkomutakmarkana.

SÓJ ritaði fundargerð.
Fundi slitið kl. 19:55